



Ársskýrsla 2020

Ásdís Helga Bjarnadóttir, Verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal
asdishelga@fljotsdalur.is // 470 3810 // 899 6172



Inngangur

Markmið verkefnisins Fagrar framtíðar í Fljótsdal (FFF) er að efla og styrkja samfélagið í Fljótsdal með virkri þátttöku og samtali einstaklinga, fyrirtækja og stofnana sem tengjast dalnum með einum eða öðrum hætti.

Samfélagsþing eru haldin árlega. Á þeim er farið er yfir ýmis mál og gefið rými fyrir hugarflug. Þingin skapa því vettvang sem móta verkefnaáherslur og verðmætan efnivið til úrvinnslu. Samfélagsnefnd og sveitarstjórn skilgreina ákveðin áhersluverkefni og gæta þess að dreifa ekki kröftunum um of, til að ná sýnilegum og góðum árangri. Samfélagsþing var fyrst haldið af Fljótsdalshreppi í samstarfi við Austurbrú daganna 13.-14. apríl 2019. Fjöldmennur hópur mætti til opins fundar undir stjórn Sigurbjargar Hannesdóttur hjá ILDI þar sem farið var á hugarflug og ýmis málefni tekin fyrir og rýnd. Í framhaldi var gefin út skýrsla sem síðar hefur verið unnið með og er aðgengileg á heimasíðu Fljótsdalshrepps, www.fljotsdalur.is

Það var á sveitarstjórnarfundum 7. ágúst 2018 sem ákveðið var að skipa stýrihóp um verkefnið. Í framhaldi var óskað eftir tilnefningum frá íbúum hreppsins um tvo fulltrúa íbúa og tvo fulltrúa úr sveitarstjórn, fimmti fulltrúinn kæmi frá Austurbrú. Sveitarstjórn staðfesti svo erindisbréf og skipan nefndarinnar á fundi sínum 5. febrúar 2019 og umboðið endurnýjað 1. október 2019. Aðal- og varafulltrúar samfélagsnefndar eru skipuð til ársloka 2022.

Samfélagsnefnd er þannig skipuð

- Þórhallur Jóhannsson, formaður
Tók við formennsku af Örnú Björg um áramótin 2019/2020
- Gunnar Gunnarsson
Tók við af Örnú Björg Bjarnadóttur, er hún sagði sig frá störfum og flutt frá Fljótdal í lok september 2020.
- Jóhann F. Þórhallsson, úr sveitarstjórn
- Lárus Heiðarsson, úr sveitarstjórn
- Signý Ormarsdóttir, frá Austurbrú

Varamenn:

- | | |
|--------------------------------------|---|
| Fyrir sveitarstjórnarfulltrúa | Fyrir aðra fulltrúa |
| ▪ Gunnþórunn Ingólfssdóttir | ▪ Steingrímur Karlsson |
| ▪ Anna Jóna Árnarsdóttir | ▪ Jóna Árný Þórðardóttir frá Austurbrú. |



Frá vinstri Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir. Ljósmynd: Gunnar Gunnarsson

Skýrsluhöfundur var ráðin verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal og tók til starfa í byrjun nóvember 2019 í gegnum sérstakan samning Fljótsdalshrepps við Austurbrú. Með þeim samningi hefur Austurbrú með höndum umsýslu verkefnisins Fögur framtíð í Fljótsdal samkvæmt samþykktum samfélagsnefndar. Samfélagsnefnd fer með yfirmumsjón verkefnisins og mótar stefnu, gerir áætlanir og leggur fram áherslur hverju sinni.

Verkefnastjóri er því ráðinn af Austurbrú til að sinna verkefninu Fögur framtíð í Fljótsdal með framkvæmdastjóra Austurbrúar sem næsta yfirmann. Aðsetur starfsmanns er á starfsstöð Austurbrúar á Egilsstöðum með viðveru einu sinni í viku í Fljótsdal, að jafnaði á fimmtudögum. Samningurinn um verkefnið felur jafnframt í sér að verkefnastjóri getur kallað aðra sérfræðinga Austurbrúar inn í verkefnið á grundvelli tímaskráningar á verknúmer verkefnisins á móti vinnu verkefnastjóra að öðrum verkefnum Austurbrúar sem eru ótengd FFF.

Samfélagsnefnd hefur formlega fundað átta sinnum á árinu, auk þess tekið þátt í tilfallandi verkefnum og fundum.



Kynningarfundur um byggðakjarna í Fljótsdal.

Vinnuhópur á samfélagsþingi 2020



Notalegur setkrókur í Végarði og ávallt heitt á könnunni



Ljósmyndir: Ásdís Helga Bjarnadóttir

Stefnumótun og skipulag

Framtíðarsýn og markmið verkefnisins Fögur framtíð í Fljótsdal eru sett fram í fjórum meginmarkmiðum sem voru mótuð í upphafi árs 2020 með hópavinnu í Végarði:

- **Skapandi og samheldinn mannauður**
- **Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda**
- **Góð búsetuskilyrði og öflugir innviðir**
- **Einstök náttúra og saga**

Undirflokkar eru fjölmargir og metnaðarfullir. Hér á eftir verður farið yfir stöðu verkefna. Í listann vantar stök númer verkefna sem tekin voru út þar sem ekki reyndist vera raunverulegur áhugi fyrir þeim.

Skapandi og samheldinn mannauður

| | |
|--|---|
| 1.2 Skipaður áhugahópur um stofnun félags brottnumdra fljótsdælinga | Lokið |
| 1.3 Efla samveru tengda handavinnu – miðlun og varðveislu þekkingar | Formgert Hnúta handverk |
| 1.4 Ramma inn afnotaskilmála af Végarði og koma á framfæri | Í vinnslu |
| 1.5 Viðhalda viðburðunum „Fimmtudagar í Fljótsdal“ með fræðslu og/ eða skemmtun, til að auka samheldni og samveru. Auglýst á öllu héraði. - (Áhugasamir myndi undirbúningshóp). <ul style="list-style-type: none">▪ Skemmtikvöld – Sigríður Hrönn▪ Aðventa – Tónlistafélagið Mógil (Covid-frestun) | Formgert Áhugahópur Samfélagssjóður |
| 1.6 Boðið verði upp á fræðslu eða námskeið er tengjast handverki, heilsurækt og atvinnusköpun. Upplýsingamiðlun og samstarf v/Austurbrú o.fl. <ul style="list-style-type: none">▪ Námskeiðaröð í kjötvinnslu – Hallormsstaðaskóli▪ Rúningur og ullarmat, aukin gæði – Hallormsstaðaskóli | Formgert Samfélagssjóður |
| 1.8 Útbúa dagatal fyrir fasta viðburði fyrir árið og finna leið til að koma á framfæri. | Í vinnslu Fært á 2021 -> Heimasíða |
| 1.9 Útfæra hátíð samfélagsins sem fram færi árlega. | Frestað v/Covid |

Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda

| | |
|---|--|
| 2.1 Skoðaðir möguleikar á því að efla búnaðarfélagið og finna leið til að varðveita og nýta tæki félagsins betur. | Hugmyndastig Hjá stjórn Bf. |
| 2.2 Aukin verðmætasköpun í sauðfjárrækt. 1-2 áhersluverkefni. 1. Sauðamjólkurís – Sauðagull 2. Námskeið í kjötvinnslu - Hallormsstaðaskóli | Samfélagssjóður |
| 2.2.1 Fýsileikakönnun á handverkssláturhúsi/vinnslurými í Fljótsdal | Forathugun |
| 2.2.2 Sútun (loð-)skinna 1. Sútunartæki keypt, þau komin í dalinn – Hörður Guðmundsson 2. Gerð viðskiptaáætlunar – Jósef Valgarð | Samfélagssjóður |
| 2.3 Leita leiða til aukinnar verðmætasköpunar í skógrækt (1-2 áhersluverkefni). 1. Alíslensk baðtunna – Skógarafurðir ehf 2. Vandaðir húsmunir úr íslenskum við - Viðskiptaáætlun og vöruþróun – Bara snilld ehf Björgvin Elísson 3. Stefnumót við Skógarsamfélagið – SAM-félagið, Lára Vilbergs. | Uppbyggingasjóður Samfélagssjóður |
| 2.4 Aukin fjölbreytileiki í ræktun, nýtingu og vinnslu afurða á villtum og ræktuðum jurtum (1-2) 1. Fljótsdalsbragðið – Ann-Marie Schlutz 2. Tilraunaræktun á burnirót – Þórarinn Þ og Sveinn I 3. Tilraun á hamprækt – Anna Bryndís og Hallgrímur 4. Gróðurhús og ræktun – Anna Jóna | Samfélagssjóður |
| 2.5 Árlegur tiltektardagur – Dagur umhverfisins 25. apríl (Stóra plokkelgin) | Covid útfærsla 2020 |



Fjölbreyttar afurðir eru unnar úr íslensku tímri í Fljótsdal, m.a. af Skógarafurðum.

Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir

Góð búsetuskilyrði og öflugir innviðir

| | |
|--|--|
| 3.1 Fljótsdalur tekinn út af fagaðila til að leggja til einn eftirsóknarverðan stað fyrir íbúðabyggð | Í ferli, líkur á vormánuðum 2021 |
| 3.5 Stefnumótun svæðisins varðandi ólíka aldurshópa og ganga frá samningum. <ul style="list-style-type: none"> Samningar um leikskóla, grunnskóla og tónlistaskóla v/ Fljótsdalshérað Upplýsingar á heimasíðu (samþykkt að skipa rýnihóp – í vinnslu) | Endurnýjun samninga lokið. Fært á 2021 > Heimasíða |
| 3.6 Skoða möguleika á félagsþjónustu og þjónustu við aldraða <ul style="list-style-type: none"> Endurskoðun samninga og miðlun upplýsinga | Endurnýjun samninga Fært á 2021: Vefur |
| 3.8 Stofnaður verður atvinnu-, nýsköpunar- og þróunarsjóður. – Samfélagssjóður. | Lokið |
| 3.9-3.10 Ná niður rafmagnskostnaði og koma upp hleðslustöðvum. <ol style="list-style-type: none"> Hleðslustöð við Végarð – Orkusjóður/sveitarf. Brennslustöð við Végarð – Orkusjóður Forkönnun fyrir Hölnárvirkjun – Hallgrímur Þ | Í vinnslu Orkusjóður Samfélagssjóður |
| 3.11 Bæta farsímasamband á svæðinu <ul style="list-style-type: none"> Búið að mæla og setja upp tvo senda fyrir Norður- og Suðurdal | Lokið |
| 3.12 Yfirfara útvarps- og sjónvarpssendingar (Tengi og Vodafone) Samkv. skoðun í lagi gegnum ljósleiðara. Ath. Öryggi með hringtenginu út í Fell. | Áfram í skoðun |
| 3.14 Vatnsveita á Klaustri – stofnun formlegs félags þeirra sem aðkomu hafa að veitunni. <ul style="list-style-type: none"> Búið að útvega fyrirmyndir að samningum. | Í vinnslu |
| 3.15 Valþjófsstaðakirkja – fjármögnun viðhalds. <ul style="list-style-type: none"> Tillögu komið á framfæri við sóknarnefnd. Lagt mat á viðhaldspörf fyrir áramótin 2020. | Í vinnslu |

Unnið er að uppsetningu fræðsluskilta við Valþjófsstaðakirkju.



Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir

Einstök náttúra og saga

| | |
|---|---|
| 4.2 Bæta heimasíðuna www.fljotsdalur.is – og stofna like fésbókarsíðu fyrir Fljótsdalinn. ▪ (Skemmtilega skiltið – Ferðamálanefnd) | Lokið að hluta Skilgreina framhald* |
| 4.4 Kortlagning á afþreyingu sem til staðar er. ▪ Ferðamálanefnd, Vetrarverkefni Héraðsklasans. | Í vinnslu hjá nefndinni og klasa |
| 4.5 Kortleggja allar náttúruperlur og gönguleiðir. ▪ Ferðamálanefnd, Vetrarverkefni Héraðsklasans. (Merking – Ormsskrínið við Hrafnkelsstaði) | Í vinnslu hjá nefndinni og klasa Skilgreina framhald** |
| 4.6 Austurstræti. Skráning sögulegra menningarminja - Óbyggðasetrið | Ekki í vinnslu |
| 4.7 Fornleifaskráning. Skráning sögulegra menningarminja ▪ Gunnarsstofnun | Skilgreindum áfanga lokið |
| 4.8 Melarétt ▪ Efling réttardagsins – Ferðamálanefnd | Samfélagssjóður Í vinnslu |
| 4.9 Gera upp Hrakströnd – Óbyggðasetrið ▪ Gera upp Fjallaskarð (gamla kofann og hesthúsið) - Sveitarfélagið | Lokið Komið í farveg |
| 4.10 Strútsfoss - Sótt um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2021 fyrir uppbyggingu göngustíga. | Í vinnslu |
| 4.11 Örnafnasöfnun – samstarf við Landmælingar Íslands ▪ Þrír til fjórir ábúendur búnir að skila örnefndum af sínum jörðum | Í vinnslu |
| 4.12 Bæta við afþreyingu í og við Skriðuklaustur, og merkja gönguleið um Tröllkonustíg og Klausturfjall. ▪ Flakkað um fornar slóðir (Gunnarsstofnun) ▪ Merking Tröllkonustígs (Hengifoss ehf) ▪ Ævintýri á Héraði – Fjölskylduleikur (Gunnarsstofnun) ▪ Afþreying og leiktæki á tjaldstæði (Hengifoss ehf) | Áföngum lokið Uppbyggingasjóður Samfélagssjóður |
| 4.13 Virkt samtal á milli stofnana og fyrirtækja á svæðinu – atvinnusköpun /rannsóknaverkefni | Ekki formlega hafið (Covid) |
| 4.14 Þróun handverks í tengslum við menningu og sögu (samantekt söluafurða) ▪ Drög að samantekt liggur fyrir. | Áfanga lokið |

* Rýnihópur skipaður um heimasíðu sveitarfélagsins.

** Merking gönguleiða. 1-2 nýjar leiðir á ári.

Staða verkefna hefur verið kynnt og rædd meðal fulltrúa samfélagsnefndar og sveitarstjórnar. Stefnt var að því að halda samfélagsfund um stöðu verkefnanna og móta áherslur ársins 2021. Samkomutakmarkanir komu í veg fyrir það og því var listinn kynntur á fésbókarsíðunni Fögur framtíð í Fljótsdal og hvatt til þess að íbúar tjáðu sig um áherslur ársins. Við þökkum þeim sem tjáðu sig fyrir þeirra framlag. Búið er að uppfæra listann og má segja að upphaflegu áhersluflokkarnir frá fyrsta samfélagsþinginu eða samfélagsþingi 2020 haldi sér nokkuð áfram. Sum verkefni fara þó út og önnur koma inn. Gott rými er fyrir einstaklinga og fyrirtæki að móta verkefni er falla undir meginmarkmiðin. Minnt er á það að áherslur Samfélagssjóðsins byggja á þessum markmiðum.

Árið 2021 er áhugi fyrir því að draga betur fram yfirflokkinn; Sjálfbær landbúnaður og nýting náttúruauðlinda.



Tilraunaeldhús Végarðs
nýtt af Ann-Marie
Schlutz hjá Sauðagulli og
Kristlaug Þórsdóttir nemi í
Hallormsstaðaskóla
í starfskynningu.

Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir

Rekið heim á
réttardegi 2020.



Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir

Ýmis verkefni

Samfélagssjóður Fljótsdals. Eitt stærsta áhersluverkefni þessa árs var að undirbúa stofnun séreignarsjóðs, Samfélagssjóð Fljótsdals. Unnin var stofnskrá og henni fylgt eftir til staðfestingar sýslumanns. Útbúnaðar úthlutunarreglur sjóðsins og starfsreglur stjórnar. Alls lagði Fljótsdalshreppur 70 milljónir króna í sjóðinn sem áætlað er að úthluta úr, a.m.k. næstu sex ár, eða til ársloka 2026. Stjórn sjóðsins var skipuð fulltrúum Samfélagsnefndar ásamt varamönnum. Hún er eftirfarandi og óbreytt í árslok; Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson varaformaður, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson og Arna Björg Bjarnadóttir. Varamenn þeirra Jóna Árný Þórðardóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Steingrímur Karlsson.

Markmið og tilgangur sjóðsins er að styrkja fjárhagslega verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis, velferðar og menningar sem stuðli að jákvæðri samfélagsþróun og/eða eflingu atvinnulífs í Fljótsdal, sjá upplýsingar um samfélagsverkefnið á www.fljotsdalur.is

Sjóðnum er þannig ætlað að styðja við verkefni sem falla að áherslum samfélagsþinga. Sjóðurinn var staðfestur 18. mars 2020 og í framhaldi auglýst eftir umsóknum í hann. Alls bárust 34 umsóknir. Heildarkostnaður verkefna var 107.088.900 kr. og sótt um alls 43.463.050 kr.

Stjórn sjóðsins samþykkti að veita styrki til alls 22 verkefna að upphæð **12.884.000 kr.** Úthlutun styrkja fór fram 10. júní 2020 við hátíðlega athöfn í Snæfellsstofu. Dagskráin var eftirfarandi, en veitingar voru frambornar af Klausturkaffi í boði Fljótsdalshrepps og tónlist flutt af spotify.

1. Ásdís Helga Bjarnadóttir, starfsmaður Samfélagssjóðsins setti formlega dagskrá.
2. Þórhallur Jóhannsson, formaður Samfélagsnefndar flutti nokkur orð.
3. Signý Ormarsdóttir, formaður stjórnar sjóðsins fór yfir starf stjórnar.
4. Úthlutun styrkja; ÁHBj og SO afhentu styrki.
5. Arna Björg Bjarnadóttir, fyrsti formaður Samfélagsnefndar lokaði dagskrá.

Frá afhendinu
styrkja úr
Samfélagssjóði
2020.



Ljósmynd: Gunnar Gunnarsson.

Einstök náttúra og saga

| | | |
|------------------|--|--|
| 1.500.000 | Sauðamjólkurís | Sauðagull ehf. |
| 1.200.000 | Skinnaverkun | Hörður Guðmundsson. |
| 1.000.000 | Stefnumót við Skógarsamfélag III | SAM-félagið, samstarfsverkefni. |
| 900.000 | Markaðsáttak | Óbyggðasetur ehf. |
| 860.000 | Skemmtilega skiltið | Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps. |
| 800.000 | Undirbúningur Hölnárvirkjunar - Brekku | Hallgrímur Þórhallsson. |
| 700.000 | Tilraunaræktun á Burnirót í Fljótsdal | Þórarinn Þórhallsson og Sveinn Ingimarsson. |
| 600.000 | Vandaðir húsmunir úr íslenskum við - Viðskiptaáætlun og vöruþróun | Bara snilld ehf., samstarfsverkefni. |
| 600.000 | Gerð viðskiptaáætlunar og stofnun félags um skinnaverkun | Jósef Valgarð Þorvaldsson. |
| 574.000 | Efling réttardags | Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps. |
| 565.000 | Rúningur og ullarmat, aukin gæði | Hallormsstaðaskóli, samstarfsverkefni. |
| 500.000 | Ævintýri á Héraði - Fjölskylduleikur | Gunnarsstofnun f.h. Upphéraðsklasans. |
| 500.000 | Hnútu handverk | Kristín Gunnarsdóttir. Samstarf Hallormsstaðaskóla og Láru Vilbergsdóttur. |
| 420.000 | Námskeiðaröð í kjötvinnslu | Hallormsstaðaskóli (Bryndís F Ford). |
| 400.000 | Gróðurhús og ræktun | Anna Jón Árnarsdóttir. |
| 400.000 | Tilraun á hamprækt | Anna Bryndís Tryggvadóttir og Hallgrímur Þórhallsson. |
| 350.000 | Afþreying og leiktæki á tjaldstæði | Hengifoss ehf. |
| 300.000 | Fljótsdalsbragðið | Ann-Marie Schlut. |
| 275.000 | Gönguleið um Tröllkonustíg og Klausturfjall | Hengifoss ehf. Sigríður og Ingólfur, samstarfsverkefni. |
| 200.000 | Aðventa | Tónlistarfélagið Mógil. |
| 150.000 | Skemmtikvöld | Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir. |
| 90.000 | Ormsskrínið við Hrafnskelsstaði | Ormsskrínið. |

Stefnt er að því að auglýsa eftir umsóknum í samfélagssjóðinn í upphafi hvers árs og að áherslur sjóðsins miðist við áhersluverkefni Samfélagsþings sem haldin verða að hausti. Líkt og fram hefur komið var þetta árið ekki hægt að halda Samfélagsþing með hefðbundnum hætti vegna samkomutakmarkana vegna Covid-19. Leitað var leiða til að bjóða öllum að leggja inn hugmyndir og tillögur í gegnum fésbókina og með tölvupósti. Einnig tók verkefnastjóri niður hugmyndir sem fóru manna á milli í umræðum eða á samfélagsmiðlum. Þannig var búinn áherslulisti verkefna fyrir árið 2021 sem kynntur var á sameiginlegum fundi Samfélagsnefndar og sveitarstjórnar í nóvember. Þar var sérstaklega horft til verkefna sem taka þurfti tillit til í fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir næsta ár.



Fyrstu styrkþegar
Samfélagssjóðs
2020.

Ljósmynd: Gunnar Gunnarsson.

Staðarvalsúttekt fyrir byggðakjarna. Á Samfélagsþingi kom fram þörf fyrir íbúðarhúsnæði í hreppnum og að finna einn stað fyrir byggðakjarna. Sveitarfélagið á ekki mikið land né hafa landeigendur farið í að skipuleggja sitt land undir byggðakjarna en leyfilegt er að reisa allt að þrjú íbúðarhús á hverri jörð, skv. aðalskipulagi. Samþykkt var að ganga frá samningi í lok janúar við TGJ – hönnun, rannsóknir og ráðgjöf til að gera staðarvalsúttekt fyrir byggðakjarna í sveitarfélaginu, sjá verklýsingu samnings: „Tilgangurinn er sá, að vegna uppbyggingar innan ferðaþjónustunnar er vaxandi þörf fyrir íbúðarhúsnæði í hreppnum, bæði til leigu og mögulegrar sölu. Óskað var eftir úttekt og greiningu á landi í sveitarfélaginu, óháð eignarhaldi, en með það að markmiði að finna hentugt svæði fyrir byggðarkjarna með grunnþjónustueiningu (leik- og grunnskóla, verslun) og athafnasvæði. Í verklýsingu er þess getið, að sveitarfélagið vilji geta boðið upp á eftirsóknarverðan, einstakan og vistvænan byggðarkjarna, sem falli að landslagi, sé öruggur frá náttúrunnar hendi, aðgengilegur og henti vaxandi starfsemi í dalnum. Þá kemur einnig fram, að kjarninn skuli valinn á forsendum umhverfissálfræði, þannig að uppbyggingin hámarki vellíðan og jákvæða upplifun íbúa og gesta. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi í byggðarkjarnanum sé að hámarki 50, en frekar skuli horfa til 10-20 íbúa“.

Verkefnastjóri hefur verið tengiliður við samningsaðila og komið að skiplagi funda og upplýsingamiðlunar. Þannig hafa fulltrúar TGJ komið í nokkrar úttektarferðir, fundir haldnir með verkefnastjóra, samfélagsnefnd og sveitarstjórn. Auk þess var á vordögum haldinn samfélagsfundur vegna málsins í Végarði þegar niðurstaða frá úttekt lág fyrir. Teknir voru út tíu staðir sem voru kynntir og mælt sérstaklega með þremur þeirra. Eftir samtalið við landeigendur þessara þriggja staða sem dregnir voru sérstaklega fram og rýni frá íbúum, var ákveðið að vinna með þrjá aðra staði sem einnig komu vel út í mati TGJ og sátt var um meðal landeigenda staðanna. Í framhaldið var boðið upp á skoðunarferðir á staðina þrjá sem eru í landi Vallholts, Hjarðarbóls og Húsa. Ágætis þátttaka var meðal íbúa hreppsins. Fulltrúar sveitarfélagsins hafa rætt við landeigendur, skipulags- og bygginganefnd tekið út staði og einnig var lögð fyrir rafræn könnun er varðar byggðakjarnan. Áherslur sem heimamenn leggja upp með í tengslum við hönnun byggðakjarnans eru eftirfarandi og voru mótaðar í október með hliðsjón af niðurstöðum könnunarinnar:

„Við skipulag verði horft til þess að nýta landfræðilega eiginleika svæðisins og að aðlagja byggð að svæðinu. Hver og einn fái notið útsýnis eins og kostur er og sólar. Sérstök áhersla verði áfram á umhverfismál, sjálfbærni, vellíðan, félagslegt rými og miðlægan samfélagsgarð. Með þessum áherslum er verið að hugsa um sérstöðu kjarnans umfram annað þéttbýli.



Samningsaðilar staðarvalsúttektarinnar.
Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir.

Aðgangur verði að útivistarsvæði með, t.d. setplássum, rjóðri, útielldhúsi, leikjagarði og hátíðarlundi. Áhersla verði lögð á góða tengingu innan og utan svæðis með göngustígum/hlaupastígum. Vegstæði verði takmarkað eins og hægt er án þess að það bitni á aðgengi. Hvað varðar byggingar verði lögð áhersla á einbýli, annars vegar 60-80 m² hús á 500 m² lóðum og 101-120 m² hús með sambyggðum bílskúr á 1500 m² lóðum. Hins vegar parhús sem eru 101-120 m² íbúðir með sambyggðum bílskúrum á 2x1500 m² lóðum. Horft verði til eins fjölnota húsnæðis sem liggja miðlægt, aðgengilegt öllum og í nálægð við samfélagsgarðinn/ útivistarsvæðið. Með fjölnota húsnæði er verið að horfa til atvinnuuppbyggingar, s.s. leikskóla, fjarvinnslustöðvar, vinnustofa, o.fl. Horft verði til sameiginlegrar flokkunarstöðvar, aðgengi að hleðslustöð og rúm bílastæði þar sem horft verði einnig til aðgengilegs rýmis fyrir snjómokstur".

Frumdrög að skipulagi byggðakjarna miðað við þrjá staði og ofangreindar forsendur voru kynntar á fjarfundi 11.11.2020, ásamt miðlun þeirra á heimasíðu hreppsins, með tölvupósti og á samfélagsmiðlum. Næsta skref verður að ná samkomulagi við landeiganda/-endur og vinna að deiliskipulags- og aðalskipulagsgerð.

Atvinnuráðgjöf og leiðsögn. Verkefnastjóri bauð til vinnustofa bæði á Egilsstöðum og í Végarði í tengslum við umsóknaskrif í Samfélagssjóð, auk þess að bjóða upp á aðgengi í gegnum síma og net. Töluverður hópur nýtti sér það. Auk þess leituðu nokkrir eftir aðstoð, ráðgjöf og yfirlestri gagnvart umsóknum í aðra sjóði. Ýmis viðfangsefni hafa komið upp sem beint hefur verið í farveg hvort sem þau hafa beinst að sveitarfélaginu, fyrirtækjum, félögum eða einstaklingum.



Á Skriðuklaustri er upplifun gesta aukin með nýtingu tæknilausna. Ljósmynd: Jessica Auer

Áföngum hefur verið náð ekki síst með dugnaði frumkvöðla innan eftirfarandi fyrirtækja: Sauðagulls, en fyrirtækið var valið inn í viðskiptahraðalinn Til sjávar og sveita nú í haust. Óbyggðaseturs, er tók við rekstri Laugarfells sem styrkir enn frekar uppbyggingu ferðabjónustu fyrirtækisins á hálendinu. Gunnarsstofnunar með því að bæta upplifun fólks á minjum með því að nýta nýjar tæknilausnir í anda hugmyndafræði um „safn án veggja“, svokallað Cine verkefni (Connected Culture & Natural Heritage in the Northern Environment). Skógarafurða sem lagði enn frekari grunn að rekstrinum með föstum samningum og vörupróun. Með þessari upptalningu er aðeins verið að nefna þau fyrirtæki sem hafa dregið að sér mikla athygli án þess að gera lítið úr öðrum frumkvöðlum á svæðinu. Í því samhengi er vísað í yfirlit yfir styrkt verkefni Samfélagssjóðs Fljótsdals.

Verkefnastjóri tók þátt í samstarfi atvinnuráðgjafa á svæðisskrifstofum Sambands sveitarfélaga og verkefnastjóra Brothættra byggða innan Byggðastofnunar. Fundað er reglulega og haldinn einn ársfundur þar sem málefni eru tekin fyrir. Verkefnastjóri tók þátt í haustfundi sem haldinn var á Vestfjörðum haustið 2019 en árið 2020 fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað. Töluvert samstarf er milli verkefnastjóra FFF og verkefnastjóra Betri Borgarfjarðar á Borgarfirði eystri.

Samstarfsnet atvinnuráðgjafa landshlutasamtaka sveitarfélaga bauð upp á Hæfnihringi í fjarþjónustu sem hafa það markmið að aðstoða frumkvöðlakonur til að komast yfir hindranir með því að a) styrkja hæfni og færni þeirra, b) veita stuðning í formi fræðslu og hagnýtra tækja til eflingar og hvatningar og c) að efla tengslanet þeirra. Fjórir hópar fóru af stað haustið 2020 en því miður aðeins þrír þátttakendur af Austurlandi.

Fimmtudagskvöld í Fljótsdal. Staðið var að ýmsum opnum viðburðum á fimmtudagskvöldum í Végarði. Einnig var boðið upp á handavinnukvöld í miðrymi hússins þar sem útbúinn var huggulegur íverustaður í upphafi árs.

Meðal erinda og viðburða voru spilakvöld á hlaupársdegi í minningu Björns Magna Björnssonar, fyrirlestrar um Sláturfélag Austurlands og Austurlamb, hamprækt, samtök smáframleiðenda matvæla og nýsköpun í landbúnaði.

Síðsumars var lögð fram könnun í gegnum fésbókarsíðu FFF og óskað eftir álit á Fimmtudagskvöldum í Fljótsdal, m.a. varðandi heppilega tímasetningu viðburða og tillögur að efnistökom. Einnig var kallað eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í skipulaginu. Fundir voru haldnir í gegnum fjarfundi og dagskrá veturinn 2020-2021 lögð upp út frá niðurstöðum könnunarinnar. Covid-19 spilaði þó töluvert inn í dagskrá með sínum samkomutakmörkunum og fjarlægðar-mörkum, frá lok febrúar til maí og aftur frá september og út árið. Gerð var þó tilraun í nóvember til að bjóða fram erindi með Finnboga Magnússyni, formanni landbúnaðarklasans, í gegnum Zoom sem heppnaðist vel. Erindið var tekið upp og gert aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins.

Fimmtudagskvöldgöngur. Verkefnastjóri skipulagði kvöldgöngur öll fimmtudagskvöld frá 18. júní til 20. ágúst, á svæði Upphéraðsklasans. Heimamenn tóku vel í verkefnið og tóku að sér fararstjórn. Lagt var af stað kl. 20:00 og gengið í 1 til 1,5 tíma. Um miðjan ágúst var lagt af stað kl. 19:30 þannig að göngu væri lokið fyrir myrkur. Að meðaltali tóku 17 þátt í hverri göngu og heildarfjöldi þátttakenda var 155 þetta sumar.



Skógarganga í Brekkugerði. Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir

| Dagur | Gönguleið | Fararstjóri |
|-----------|--|---|
| 18. júní | Ranaskógur og nágrenni. | Reynir Kjerúlf. |
| 25. júní | Brekka og nágrenni. | Stefán Þórarinnsson og Hallgrímur Þórhallsson frá Brekku. |
| 2. júlí | Gengið frá Múlanum inn Suðurdal að Arnaldsstöðum. | Baldur Hjaltason, Jónas Þorsteinsson og Sigríður Hrönn Gunnarsdóttir. |
| 9. júlí | Skógræktin í Brekkugerði. | Jóhann F. Þórhallsson, Sigrún Erla Ólafsdóttir og Þórhallur Jóhannsson. |
| 16. júlí | Gengið að Drangadölum í landi Víðivallagerðis. | Þorsteinn Pétursson. |
| 23. júlí | Gengið upp að Hengifossi. | Þórhallur Jóhannsson. |
| 30. júlí | Tröllkonustígur upp frá Fljótsdalsgrund. | Ingólfur Friðriksson. |
| 6. ágúst | Mjóanes, fræðst um staðinn og nærumhverfið. Gengið m.a. upp á Klepp. | Elsa Reynisdóttir. |
| 13. ágúst | Valþjófsstaður og nágrenni. | Sr. Ólöf Margrét Snorradóttir og Friðrik Ingi Ingólfsson. |
| 20. ágúst | Hafursárgil í landi Hafursár. | Málfríður Björnsdóttir, Þorkell og Anna Valgerður. |



Kvöldganga í Ranaskógi. Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir.

Örnefnaskráning. Fljótsdalshreppur gerði samning við Landmælingar Íslands á vormánuðum í tengslum við skráningu örnefna. Um tuttugu aðilar sýndu verkefninu áhuga og fengu til sín loftmyndir og örnefnaskrár frá Árnastofnun. Því miður gekk ekki að halda námskeið af hálfu Landmælinga í skráningu örnefna vegna Covid-19 en verkefnastjóri miðlaði upplýsingum um leiðir til að skrá sem og bauð upp á fjarfund þar sem farið var yfir heppilegar aðferðir. Búið er að skila inn loftmyndum af fjórum jörðum, þ.e. Langhúsum, Droplaugarstöðum, Ytri-Víðivöllum og Fremri-Víðivöllum með örnefnaskráningum til Landmælinga.


Dagur umhverfisins. Fljótsdælingar tóku þátt í Degi umhverfisins og Stóra plockkeginum 25. apríl sem haldinn er á landsvísu. Þrátt fyrir almennt góða umgengni mátti finna ýmislegt sem fokið hafði til og því komið á söfnunarstaðinn. Almennt má segja að fólk hafi verið duglegt við að nýta gámasvæðið í ár enda margir að hreinsa út úr gömlum byggingum og fegra í kringum sig. Ástandið í heiminum gerði það þó að verkum að ekki var hægt að koma og gleðjast saman eftir daginn. Við stefnum að því eftir næsta samstillta átak.

Fréttir og miðlun. Í tengslum við Fögur framtíð í Fljótsdal hefur verið haldin úti samnefnd fésbókarsíða. Verkefnastjóri og fulltrúar samfélagsnefndar hafa nýtt hana til að koma efni á framfæri er tengist með einum eða öðrum hætti verkefninu, s.s. fréttum af stöðu verkefna, áhugaverðum hugmyndum, upplýsa um umsóknafresti sjóða og námsframboð, leggja fyrir kannanir, o.fl.

Samfélagsnefnd samþykkti eins og tillaga hafði komið fram um á samfélagsþingi að opna „Like“ síðu á fésbókinni Fljótsdalur, Austurland sem var gert. Verkefnastjóri ásamt sveitarstjóra geta sett þar fram efni er varðar sveitarfélagið og almennar fréttir úr dalnum. Opnir viðburðir eru stofnaðir frá þeirri síðu og deilt út en lokaðir viðburðir frá FFF síðunni. Á þessari síðu má einnig finna upplýsingar um þjónustu og fyrirtæki í dalnum sem og ýmsan annan fróðleik.

Töluverð umfjöllun var á árinu um samfélagsverkefnið, Samfélagssjóðinn og önnur viðfangsefni í Fljótsdal. Brot af þeirri umfjöllun má sjá í gegnum rafrænar slóðir í viðauka sem hér fylgir aftast í skjali.

Síðsumars var leitað til verkefnastjóra um að setja inn efni á heimasíðuna www.fljotsdalur.is fyrir hönd sveitarfélagsins og hefur það verið gert. Rætt hefur verið töluvert um það að lagfæra heimasíðuna og gera hana meira upplýsandi og aðgengilegri fyrir þá sem áhuga hafa á að flytjast í dalinn. Því var byrjað á því að fá einstaklinga af erlendum uppruna úr dalnum til að rýna heimasíðu sveitarfélagsins www.fljotsdalur.is og gera tillögur að umbótum. Jafnframt var samþykkt af sveitarstjórn nú á haustdögum að fela sveitarstjóra að kalla saman rýni hóp um heimasíðu og samfélagsmiðla tengt hreppnum og skila um það tillögum til stjórnar. Það verkefni verður átaksverkefni ársins 2021.



Nýr timburstígur
og pallur við
Hengifoss

Ljósmynd: Ásdís Helga Bjarnadóttir

Hengifoss. Oddviti og sveitarstjóri leituðu til verkefnastjóra um að koma að málefnum Hengifosssvæðisins. Í framhaldi voru boðaðir þrír eftirfarandi fundir 1) með landeigendum/ábúendum, 2) með landeigendum/ábúendum og fulltrúum Umhverfisráðuneytisins og 3) fundur með bókara og tengiliða við styrkja- og hönnunarmál Hengifoss. Verkefnastjóri og landvörður svæðisins fóru með verktaka úr dalnum og lögðu línu um uppbyggingu göngustígs í innsta dalverpinu. Timbur kom frá Skógarafurðum og var stígurinn lagður í ágúst/september með útfærðum palli við enda hans. Auk þess hafa skilti verið hönnuð til að setja upp við setplássin við göngustíginn upp að fossinum sem styrkt voru úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, og Gunnarstofnun og PEZ komu að. Eitt skilti var sett upp á haustmánuðum við fyrsta bekkinn á leiðinni. Þetta sumar voru auk þess bílastæðin merkt.

Þetta árið fóru þrjár umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna Hengifosssvæðisins. Það var Skúli B. Gunnarsson sem vann þær umsóknir samkvæmt samningi hreppsins við Gunnarstofnun. Jafnframt fór ein umsókn til uppbyggingar göngustíga við Strútsfoss frá ábúanda.

Langhús, o.fl. Mikill áhugi er á að varðveita húsabyrpinguna sem er úr torfi og grjóti á Langhúsum, ekki síst að hálfu ábúenda á jörðinni. Leituðu þeir til verkefnastjóra um að finna því farveg. Búið er að skrásetja þær byggingar sem tilheyra torfunni og falla að mögulegri varðveislu. Ein elsta bygging torfunnar „kúahlaðan“ er hrunin og því mikilvægt að byggja hana upp frá grunni. Stefnt er að hefja endurbyggingu hennar ári 2021 undir leiðsögn fagmanna og meðvitund Minjastofnunar Íslands. Nokkrir ábúendur/einstaklingar hafa einnig leitað ráðgjafar til verkefnastjóra í tengslum við eignarhald jarða og ábúðasamninga.

Túnfíflar eru ekki illgresi. Fjölbreyttar heilsuvörur eru framleiddar úr þeim og seldar á háu verði. Njólin er líka áhugaverður.

LIVELOVEFRUIT.COM
Dandelions Are Not Weeds! They Build Bones Better Than Calcium, Cleanse the Liver and Heal Eczema

Finnbogi Magnuss...
Asdis Bjarnadot...
Jóhann F. Þórha...
Sólrún Julia Hja...
Gunnar...

Fræðslufyrirlestur boðinn fram í gegnum fjarfundarkerfi á tímum samkomutakmarkanna vegna Covid-19.

Lokaorð

Árið 2020 hefur liðið hratt og þrátt fyrir Covid-19 sem hefur spilað inn í líf okkar allra og framgang verkefna hefur töluvert áunnist. Það er ekki hvað síst að þakka áhuga og hugarfari íbúa Fljótsdalshrepps til að nýta þau tækifæri sem bjóðast í gegnum náms-, umhverfis- og verkefnastyrki sem og með tilkomu Samfélagssjóðs Fljótsdals. Áhuginn endurspeglast ekki síst í fjölda umsókna í þessa sjóði sem og þeirrar nýsköpunar og uppbyggingar sem átt hefur sér stað í dalnum á undanförunum mánuðum. Þess ber að geta að verkefnastjóri hefur komið að fjölmörgum öðrum verkefnum sem ekki verða tíunduð hér.

Framundan eru spennandi tímar, ekki síst með áframhaldandi vinnu við byggðakjarna og uppbyggingu á jörðum. Hugmyndir og draumar krauma í hverju horni sem og hjá afkomendum/brottluttum sem vonandi koma upp á yfirborðið og til umræðu og framkvæmda. Með jákvæðni og stuðningi getum við bætt samfélag okkar og styrkt það í leiðinni. Við höldum sjálf á fjöregginu.

Með þetta að leiðarljósi er framtíðin fögur í Fljótsdal.

Viðauki

Fréttir og miðlun.

Hér í lista má finna slóðir inn á ýmsar greinar og umfjallanir sem birst hafa í fjölmiðlum árið 2020, s.s. í tengslum við stofnun Samfélagssjóðsins, málefni byggðakjarnans og ýmis verkefni í Fljotsdal. Hér er ekki um tæmandi lista að ræða.

Greinar og fréttir

<https://www.ruv.is/frett/2020/06/12/fljotsdaelingar-sigta-ut-stad-fyrir-smathorp-i-dalnum>
<https://www.bbl.is/folk/lif-og-starf/samfelagssjodur-fljotsdals-til-studnings-vid-nyskopun>
<https://www.frettanetid.is/feed/fljotsdaelingar-sigta-ut-stad-fyrir-smathorp-i-dalnum/>
<https://www.bbl.is/frettir/ahugavert-verkefni-og-ny-nalgun-vid-val-a-heppilegum-stad>
<https://www.bbl.is/frettir/landbunadur-vikur-fyrir-aukinni-ferdathjonustu>
<https://www.bbl.is/frettir/fraedsluhornid/natturuadlind-nyrra-tima>
<https://www.ruv.is/frett/2020/04/30/helgi-gislason-nyr-sveitarstjori-i-fljotsdal?term=Flj%C3%B3tsdal&rtype=news&slot=2>
<https://www.ruv.is/frett/2020/06/12/fljotsdaelingar-sigta-ut-stad-fyrir-smathorp-i-dalnum?term=Flj%C3%B3tsdal&rtype=news&slot=7>
<https://www.frettabladid.is/timamot/gott-mean-interneti-hrynur-ekki-lika-her/>
<https://www.austurfrett.is/frettir/oddvitaskipti-i-fljotsdalshreppi>
<https://www.austurfrett.is/lifid/fljotsdaelingar-efna-til-paskaeggjaleitar>
<https://austurfrett.is/frettir/sautjan-saekja-um-stoedhu-sveitarstjora-i-fljotsdal>
<https://austurfrett.is/frettir/helgi-gislason-nyr-sveitarstjori-i-fljotsdal>
<https://www.austurfrett.is/frettir/lyklaskipti-i-fljotsdal>
<https://www.austurfrett.is/frettir/taepum-13-milljonum-uthlutadh-ur-samfelagssjodhi-fljotsdals>
<https://www.austurfrett.is/frettir/rifandi-gangur-og-mikil-bjartsyni-i-fljotsdalshreppi>
<https://www.austurfrett.is/frettir/endurbaetur-framundan-a-farsimakerfi-fljotsdalshrepps>
<https://austurfrett.is/frettir/itrekadh-hafnadh-adhkomu-adh-thjonustuhusi-vidh-hengifoss>
<https://austurfrett.is/frettir/fljotsdaelingar-hafa-ahyggjur-af-nidhurskurdhi-hja-thjodhgardhinum>
<https://www.austurfrett.is/frettir/mesta-fjoelgunin-i-fljotsdalshrepp>
<https://austurfrett.is/lifid/gryluboern-visitera-thott-ekki-se-messufaert>
<https://www.austurfrett.is/lifid/oellum-heiminum-bodhidh-i-lifandi-leidhsoegn-um-klausturrustirnar>
<https://www.austurfrett.is/frettir/samfelagssjodhur-fljotsdals-stofnadhur>
https://www.mbl.is/ferdalog/frettir/2020/07/05/ekki_fimm_stjornu_hotel_en_fimm_stjornu_upplifun/
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/04/16/70_milljonir_i_samfelagssjod/
<https://www.bbl.is/frettir/fraedsluhornid/kaupa-fyrsta-sersmidada-timburflutningabil-landsins-asamt-fyrsta-vinekrutraktorum>
<https://www.bbl.is/frettir/kokteill-ur-saudamjolk>
<https://www.bbl.is/frettir/frumleg-og-fjolbreytt-verkefni>
<https://www.bbl.is/frettir/framleidsla-a-vorum-ur-saudamjolk-agaetis-vidbot-vid-hefdbundinn-fjarbuskap>

Viðtöl

<https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunthattur-rasar-1-og-2/30218/905pll/asdis-helga-bjarnadottir-framtid-fljotsdals>
<https://www.ruv.is/utvarp/spila/sumarmal-fyrri-hluti/30411/920mee?term=%C3%93bygg%C3%B0aset&rtype=radio&slot=1>
<https://www.ruv.is/utvarp/spila/sogur-af-landi/24693/7i1blk?term=Flj%C3%B3tsdal&rtype=radio&slot=5>
https://austurbru.is/fogur_framtid/?fbclid=IwAR2zM83P7ISTnV26Xv3SeisdCFwl-LMK86UwRLrB0PLREnIP4CxxMkWCuT8

Sjónvarp

<https://www.ruv.is/frett/byr-til-godgaeti-ur-saudamjolk-i-fljotsdal?term=Flj%C3%B3tsdal&rtype=news&slot=3>
<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/landinn/29058/8l3phs>
<https://n4.is/player?v=glh1nFtEbbg> (Grýlgleði)
<https://n4.is/player?v=Am7JTGyW04> (Sauðamjólk)
<https://youtu.be/0C2rF96GNoU> (Til sjávar og sveita)
<https://www.facebook.com/Skriduklaustur/videos/959391084545156>